

Mál nr. 199/2015
M og
vátryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar.

Hjón hættu við ferðalag til Tenerife vegna veikinda þ. 20.12.2014.

Gögn.

1. Málskot móttengið 27.5.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 10.6.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-7

Málsatvik.

M ætluðu til Tenerife 4.2.2015. Áður en til þess kom ráðlagði læknir manninum að hætta við ferðina vegna versnandi hjartasjúkdóms, sem M hafði þjáðst af í nokkur ár. M krefst bóta úr ferðarverndatryggingu sinni hjá V. M bendir á að hann hafi farið margsinnis til útlanda frá því að sjúkdómur hans greindist og hjartað verið í reglulegum takti í meir en eitt og hálft ár þegar kastið kom sem leiddi til að hætta þurfti við ferðina. V hafnar bótaskyldu og vísar til a.liðs 17. gr. vátryggingarskilmála þar sem segir m.a. að tryggingaverndin komi ekki til þegar um slys eða veikindi er að ræða sem vátryggingartaki hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds vegna ferðarinnar. V segir að staðfestingargjaldið hafi verið greitt 30.11.2014 og M hafi hætt við ferðina 20.12.2014. V segir að M hafi verið til meðferðar hjá lækni 23.10.2014 þar sem m.a. hafi verið ákveðin breyting á lyfjagjöf vegna blóðþrýstings. V segir að það liggi því fyrir að M hafi þjáðst af og notið læknishjálpar við sjúkdómseinkennum síðustu sex mánuði fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

Álit.

Í a.lið 17. gr. skilmála vátryggingar þeirrar sem hér ræðir um er kveðið á um það að félagið bæti ekki kröfur vegna forfalla vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Framangreint undanþáguákvæði er mjög víðtækt og tekur til hvers konar meðferðar sem um kann að vera að ræða eða eftirlits. M var sannanlega til meðferðar og undir eftirliti hjá lækni innan þess tíma sem kveðið er á um í a.lið 17. gr. Þó svo að um venjubundið og hefðbundið eftirlit hafi verið að ræða við vægum hjartasjúkdómi eins og hér virðist hafa verið um að ræða, þar sem eftirlit er stöðugt, þá kemur það ekki í veg fyrir það eins og hér stendur á að vátryggingarfélagið geti borið þetta víðtæka undanþáguákvæði fyrir sig og hafnað greiðslu bóta. M á því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.